

140. löggjafarþing 2011–2012.
Þingskjal 466 — 1. mál.
3. umræða.

Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2012.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur fjallað áfram um frumvarpið frá því að 2. umræða fór fram 29. nóvember sl. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 3. umræðu nema samtals 522,3 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2, þ.e. fjármálum ríkisaðila í A-hluta.

Tekjur hækka um 1.500,9 m.kr. við 3. umræðu en þar vegur mest 900 m.kr. hækkun á áætlun um úttekt séreignarsparnaðar á árinu 2012.

Halli ríkissjóðs í A-hluta verður 20.749,8 m.kr. Heildartekjur eru áætlaðar 522.939,3 m.kr. og heildargjöld 543.689,1 m.kr.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hlutans.

Skýringar við breytingartillögur.

00-620 Ríkisendurskoðun

20,0

1.01 Ríkisendurskoðun

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið viðbótarframlag til reksturs Ríkisendurskoðunar.

Samtals æðsta stjórn ríkisins 20,0

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

5,5

1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um að hækka framlag til reksturs þjóðgarðsins á Þingvöllum um 5,5 m.kr. Samkvæmt nýjustu spám um mikla fjölgun ferðamanna á næsta ári og þar með stóru aukna þörf á þjónustu er brýnt að efla landvörslu í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Áformað er að bæta einum landverði í hóp þeirra sem fyrir eru en með því móti verður hægt að tryggja að fyrirhugaðar sértektur skili sér og þjónusta þjóðgarðsins standist þær kröfur sem gerðar eru til hans. Heildarkostnaður við þessa viðbót er um 8 m.kr. en á móti þeirri fjárhæð koma sértektur og hagræðing og því er lagt til að fjárheimildin verði hækkuð um 5,5 m.kr.

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

4,0

6.01 Nýframkvæmdir

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til þjóðgarðsins á Þingvöllum vegna endurútreiknings á gistináttgjaldi.

Samtals forsætisráðuneyti 9,5

02-210 Háskólinn á Akureyri

30,0

1.01 Háskólinn á Akureyri

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 30 m.kr. framlag til Háskólans á Akureyri vegna kjarasamninga. 1. júlí sl. tók gildi samkomulag milli Háskóla Íslands og Félags háskólakennara um hækkun launa sem nemur einu þrepi í launatöflu (hliðrun til hægri) eða um 3,5%. Í ljósi samnings þessa er talið óhjákvæmilegt að sama launahækkun taki gildi við HA frá 1. janúar 2012. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir hækkun launa vegna kjarasamninga frá því í júní 2011, en samkomulag það sem vitnað er í um 3,5% hækkun er þar fyrir utan. Í upphafi árs 2010 tók gildi samningur til tveggja ára við starfsfólk HA innan Félags háskólakennara í HA þar sem kveðið er á um launalækkun hjá viðkomandi. Þessi samningur hefur leitt til um 50 m.kr. sparnaðar í launagreiðslum á samningstímanum. Í fyrrnefndum samningi er einnig ákvæði þess efnis að þegar hann fellur úr gildi 1. janúar 2012 skuli kjör starfsfólks í Félagi háskólakennara við HA vera hin sömu og tíðkast í HÍ.

Skýringar við breytingartillögur.

02-228 Listaháskóli Íslands

20,0

1.01 Listaháskóli Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til Listaháskóla Íslands vegna meistaranáms. Listaháskólinn hyggst bjóða upp á meistaranám í myndlist og hönnun frá og með haustinu 2012. Um er að ræða nám fyrir tíu ársnemendur. Auk þess stunda fjórtán ársnemendur nám á meistarastigi nú án þess að fjárveiting vegna þeirra fylgi. Um er að ræða tíu ársnemendur í kennsluréttindanámi og fjóra í tónsmíðanámi sem boðið er upp á í samstarfi við erlenda háskóla. Skólinn gerir ráð fyrir átta ársnemum í árgangi í tónsmíðanámi og myndlistarnámi en tólf í hverjum árgangi í hönnunarnámi. Gert er ráð fyrir 52 ársnemum árið 2013 og þegar árgangar í þessum greinum hafa skilað sér inn á árinu 2014 er um 66 ársnemendur að ræða. Auk þessa hefur skólinn áform um að bjóða upp á meistaranám á fleiri sviðum til að þróa frekar listnám í landinu auk þess að tryggja nemendum í listum og skapandi greinum aðgang að framhaldsnámi til jafns við aðra háskólanemendur.

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

270,0

1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins verði hækkuð tímabundið um 270 m.kr. vegna endurmats á útgjöldum í tengslum við átak á sviði vinnumarkaðsaðgerða og eflingu menntunar atvinnuleitenda. Stefnt var að því að skapa námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu tvö skólaár á eftir. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að 250 manns færu af atvinnuleysisbótum og í lánshæft nám. Gert var ráð fyrir að útlán sjóðsins mundu aukast tímabundið um 300 m.kr. vegna þessa og því var fjárheimild sjóðsins aukin um 150 m.kr. miðað við að niðurgreiðsla ríkisins til lánveitinga sjóðsins þurfi að vera um 47%. Miðað við upplýsingar Vinnuálastofnunar í nóvember um stöðu átaksins hafa um 990 einstaklingar sótt um þátttöku en þar af er gert ráð fyrir að um 700 einstaklingar fari í lánshæft nám hjá LÍN en um 300 einstaklingar fái framfærslustyrk frá Atvinnuleysisstryggingasjóði. Áætlað heildarframlag ríkissjóðs til LÍN vegna þessa átaks er því samtals 420 m.kr.

02-901 Fornleifavernd ríkisins

10,0

1.01 Fornleifavernd ríkisins
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 10 m.kr. viðbótarframlag til Fornleifaverndar ríkisins til að efla rekstur stofnunarinnar. Unnið hefur verið markvisst að því að ráðnir yrðu minjaverðir á landsbyggðinni og á undanförunum árum hefur stofnunin fengið viðbótarframlag í því skyni. Til þess að halda störfum minjavarðanna gangandi hefur verið tekið framlag frá öðrum verkefnum. Nú er svo komið að stofnunin fær niðurskurðarkröfu þriðja árið í röð og fyrirséð að ekki verður komist hjá uppsögnum. Því er gerð tillaga um viðbótarframlag svo að hægt verði að halda úti starfi minjavarða.

02-961 Fjölmiðlanefnd

10,0

1.01 Fjölmiðlanefnd
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 10 m.kr. viðbótarframlag til fjölmiðlanefndar til að gera nefndinni kleift að uppfylla lögbundnar skyldur sínar.

Skýringar við breytingartillögur.

02-982 Listir 8,0

1.19 Kynningarmiðstöðvar listgreina

*Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi*

Gerð er tillaga um 8 m.kr. viðbótarframlag til kynningarmiðstöðva listgreina vegna aukinna verkefna til að koma íslenskum listgreinum frekar á framfæri á erlendum vettvangi í samræmi við skýrslu um hagræn áhrif skapandi greina.

02-988 Æskulýðsmál 5,0

1.14 Útílfsmiðstöð skáta Úlfjótssvatni

*Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök*

Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til að bæta aðstöðuna við Útílfsmiðstöðina á Úlfjótssvatni þar sem fagnað verður aldarafmæli skátastarfs hér á landi með landsmóti skáta árið 2012.

Samtals mennta- og menningarmálaráðuneyti 353,0

04-190 Ýmis verkefni 102,8

1.94 Ýmis samningsbundin verkefni

*Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi*

Gerð er tillaga um að 102,8 m.kr. færast á nýtt viðfangsefni, 1.94 Ýmis samningsbundin verkefni. Við 2. umræðu var samþykkt að færa þessa fjárhæð af liðum 04-190-1.90 og 1.98 en eftir var að finna henni nýjan stað. Fjárhæðin eru ætluð til ýmissa verkefna sem tilgreind eru í nefndaráli meiri hlutans við 2. umræðu. Tillagan er hluti af umbótum við styrkveitingar sem unnar hafa verið að frumkvæði fjárlaganefndar í samvinnu við fagráðuneyti.

Samtals sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti 102,8

06-190 Ýmis verkefni 25,0

1.49 Vitundarvakningarátak um ofbeldi gegn börnum

*Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi*

Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við vitundarvakningarátak Evrópuráðsins um ofbeldi gegn börnum. Verkefnið byggist á samvinnu þriggja ráðuneyta og kostnaðaráætlun miðast við að veittar verði 25 m.kr. á fyrsta ári, en 16 m.kr. árin tvö á eftir. Meðal þess sem áætlað er að styrkja á fyrsta árinu er fræðsluátak í grunnskólum landsins, bæði fyrir nemendur og kennara. Þá yrði haldin ráðstefna með aðkomu ákværuvalds, dómstóla og lögregluþingvalda auk kynningar á sáttmála Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegu ofbeldi og misneytingu á börnum. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar verði millifærðar yfir á viðeigandi gjaldaliði fjárlaga í samræmi við framvindu verkefnisins.

06-325 Samræmd neyðarsvörun 20,0

1.10 Samræmd neyðarsvörun

*Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi*

Lagt er til að framlag til Neyðarlínunnar hækki tímabundið til eins árs um 20 m.kr. til að ljúka vinnu við útkallskerfi sem ætlað er að vara ferðamenn og aðra sem eru með gsm-síma á hættuslóð við tafarlausri hættu. Verkefnið er unnið í samvinnu við símafélögin og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og er komið áleiðis en fjármuni vantar til að ljúka því með þeim hætti að kerfið fullnægi þeim kröfum sem til þess er gert, þ.e. að boð verði send innan 5 mínútna eftir að tilkynning um hættu hefur borist Neyðarlínunni. Kostnaðurinn verður til annars vegar hjá símafélögunum og hins vegar er kostnaður vegna hugbúnaðar til að sækja og senda í gegnum kerfi símafélaganna en Neyðarlínan mun bera þann kostnað sem snýr að henni, lögreglu og samhæfingarstöðinni.

Skýringar við breytingartillögur.

06-591 Fangelsisbyggingar	190,0
6.10 Stofnframkvæmdir <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til tímabundið framlag upp á 190 m.kr. til hönnunar á nýju gæsluvarðhalds-, móttöku- og kvennafangelsi. Heildarkostnaður við hönnunina er áætlaður 220 m.kr. Reiknað er með að þar af verði 30 m.kr. varið til samkeppni arkitekta um hönnun og er miðað við að sá kostnaður verði fjármagnaður með yfirfærðum afgangsheimildum liðarins. Gert er ráð fyrir að í framhaldinu muni hönnun byggingarinnar kosta 170 m.kr. og að skipting þess kostnaðar verði til helminga milli arkitekta og verkfræðinga. Einnig er reiknað með 20 m.kr. kostnaði við umsjón Framkvæmdasýslu ríkisins með verkefninu. Innanríkisráðherra mun leggja fram þingsályktunartillögu á Alþingi um heildarstefnumörkun í afpláun dóma og fangelsisvistun fyrir 1. febrúar 2012.
06-591 Fangelsisbyggingar	55,0
6.10 Stofnframkvæmdir <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lagt er til tímabundið 55 m.kr. framlag til öryggismála í fangelsum. Af framlaginu renna 5 m.kr. til Hegningarhússins og fangelsisins að Kópavogsbraut 17 en 50 m.kr. til fangelsisins á Litla-Hrauni sem er fyrsti liðurinn í áætlun um endurbætur og uppbyggingu öryggisfangelsis þar í samræmi við skýrslu nefndar um framtíðarrekstur fangelsisins frá október 2007.
06-651 Vegagerðin	10,0
1.13 Styrkir til innanlandsflugs <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til Vegagerðarinnar til að styðja við innanlandsflug, einkum til að mæta brýnustu þörf þar sem ella stefndi í að flugi yrði hætt.
06-705 Kirkjumálasjóður	9,0
1.10 Kirkjumálasjóður <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um samtals 90 m.kr. hækkun á sóknargjöldum sem skiptist þannig að liðurinn 06-705-1.10 hækkar um 9 m.kr., 06-735-1.10 hækkar um 61,2 m.kr., 06-735-1.20 hækkar um 8,3 m.kr. og 06-736-1.10 hækkar um 11,5 m.kr.
06-735 Sóknargjöld	61,2
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um samtals 90 m.kr. hækkun á sóknargjöldum sem skiptist þannig að liðurinn 06-705-1.10 hækkar um 9 m.kr., 06-735-1.10 hækkar um 61,2 m.kr., 06-735-1.20 hækkar um 8,3 m.kr. og 06-736-1.10 hækkar um 11,5 m.kr. Þjóðkirkjan hefur vakið athygli fjárlaganefndar á misræmi við útfærslu á niðurskurði framlaga undanfarinna ára. Þannig hafa framlög til sóknargjalda lækkað mun meira en sem nemur hagræðingarkröfu á almennan rekstur ríkisins. Innanríkisráðherra hefur skipað nefnd sem ætlað er að leggja mat á afleiðingar niðurskurðarins. Í kjölfar þess að nefndarálit verður kynnt ráðherra og Alþingi mun ráðuneytið bregðast við ábendingum með tillögum til Alþingis um breytingar á fjárframlögum við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 2013. Með þessari tillögu er komið til móts við athugasemdir þjóðkirkjunnar með því að hækka framlögin um 5% frá því sem var í frumvarpi til fjárlaga. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að önnur rekstrargjöld en laun yrðu hækkuð um 5,3% milli ára. Sú ákvörðun náði ekki til sóknargjalda og er bætt úr því með þessari tillögu.

Skýringar við breytingartillögur.

06-735 Sóknargjöld	8,3
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um samtals 90 m.kr. hækkun á sóknargjöldum sem skiptist þannig að liðurinn 06-705-1.10 hækkar um 9 m.kr., 06-735-1.10 hækkar um 61,2 m.kr., 06-735-1.20 hækkar um 8,3 m.kr. og 06-736-1.10 hækkar um 11,5 m.kr.
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	11,5
1.10 Jöfnunarsjóður sókna <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um samtals 90 m.kr. hækkun á sóknargjöldum sem skiptist þannig að liðurinn 06-705-1.10 hækkar um 9 m.kr., 06-735-1.10 hækkar um 61,2 m.kr., 06-735-1.20 hækkar um 8,3 m.kr. og 06-736-1.10 hækkar um 11,5 m.kr.
06-841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	60,0
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Gerð er tillaga um 60 m.kr. heimild vegna hækkunar tekjuskerðingarmarka húsaleigubóta í 2.250.000 kr. Kostnaður við þessa hækkun er áætlaður 100 m.kr. og er framlag ríkissjóðs 60% af þeirri fjárhæð á móti 40% framlagi sveitarfélaganna.
06-841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-470,0
1.12 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, málefni fatlaðra <i>Samningsbundið</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um að greiðslur til viðfangsefnisins vegna veiks útsvarstofns lækki um 470 m.kr. Vísað er til samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá 23. nóvember 2010 en þar var gert ráð fyrir þessum framlagi sem var 371 á fjárlögum 2011 og í frumvarpi til fjárlaga 2012 var þessi fjárhæð hækkuð um 241 m.kr. en var þá miðað við að útsvarstofninn yrði 885 mia.kr. Áætlun fjármálaráðuneytisins um þróun útsvarstofns frá október 2011 gerir ráð fyrir að hann verði um 948 mia.kr. á næsta ári. Stofninn mun því hækka verulega umfram það sem áður var gert ráð fyrir og þær tekjur af útsvari sem gert er ráð fyrir að veittar verði til málaflokksins eru áætlaðar um 11.100 m.kr. Árið 2012 eru útgjöld sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk ætluð um 11.240 m.kr. á verðlagi 2012 án nýrra verkefna sem ríkissjóður mun einnig greiða fyrir sérstaklega. Greiðslur ríkisins til sveitarfélaga vegna veikrar stöðu útsvarstofnsins munu því nema 142 m.kr. á næsta ári.
Samtals innanríkisráðuneyti -20,0	
08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri	5,0
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lögð er til 5 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi til stofnunarinnar.
08-373 Landspítali	50,0
1.01 Landspítali <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Alþingi</i>	Lögð er til 50 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi til stofnunarinnar.

Skýringar við breytingartillögur.

08-501 Sjúkraflutningar 150,0

1.11 Sjúkraflutningar
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 150 m.kr. framlag vegna samninga um sjúkraflutninga.

08-700 Heilbrigðisstofnanir 77,0

1.01 Almennur rekstur
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Lögð er til 77 m.kr. tímabundin hækkun á framlagi til heilbrigðisstofnana.

08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður -894,0

1.11 Atvinnuleysisbætur
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárheimild liðarins verði lækkuð um 894 m.kr. vegna endurmats á áætlun í tengslum við átak á sviði vinnumarkaðsaðgerða og eflingu menntunar atvinnuleitenda. Stefnt var að því að skapa námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu tvö skólaár á eftir. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að 250 manns færu af atvinnuleysisbótum og í lánshæft nám sem mundi lækka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs samtals um 425 m.kr. Gert var ráð fyrir því að þeir einstaklingar sem kæmust ekki í lánshæft nám fengju framfærslustyrk frá sjóðnum í stað atvinnuleysisbóta. Miðað við upplýsingar Vinnumálastofnunar í nóvember um stöðu átaksins hafa um 990 einstaklingar sótt um þátttöku og er gert ráð fyrir að um 700 einstaklingar fari í lánshæft nám hjá LÍN en um 300 einstaklingar fái framfærslustyrk frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Því er áætlað að útgjöld sjóðsins muni lækka um 894 m.kr. til viðbótar við fyrri áætlun og verður lækkunin því samtals um 1,3 mia.kr. Á móti þessari lækkun er gert ráð fyrir 270 m.kr. aukinni fjárveitingu til LÍN til að mæta auknum lánveitingum til námsmanna í áttakinu en auk þess er gert ráð fyrir að 400 m.kr. fjárheimildir verði millifærðar af lið fyrir bætur yfir á lið fyrir styrki innan Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna þeirra sem fara ekki í lánshæft nám.

08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður -400,0

1.11 Atvinnuleysisbætur
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærð verði 400 m.kr. fjárheimild af viðfangsefninu 1.11 Atvinnuleysisbætur yfir á viðfangsefnið 1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði vegna átaks á sviði vinnumarkaðsaðgerða og menntunar atvinnuleitenda. Gert er ráð fyrir að þeir 300 einstaklingar sem ekki komast í lánshæft nám vegna átaksins muni fá greiddan framfærslustyrk úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Í tillögum að reglum sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt kemur fram að framfærslustyrkurinn muni byggjast á grunnframfærslu LÍN að viðbættum 20 þús. kr. styrk fyrir hvert barn á framfæri umsækjanda en þó muni styrkurinn verða skertur í hlutfalli við bótarétt viðkomandi einstaklings. Þar sem grunnframfærsla LÍN um næstu áramót að viðbættum 20 þús. kr. styrk vegna barna verður einungis ívið lægri en grunnbætur atvinnuleysistrygginga er ekki gert ráð fyrir auknum útgjöldum að hálfu ríkissjóðs en alls er áætlað að útgjöld vegna þessara 300 einstaklinga verði um 400 m.kr. Í fjárlagafrumvarpinu hafði ekki verið gert ráð fyrir greiðslu framfærslustyrkjanna en þó var reiknað með þessu fjármagni til Atvinnuleysistryggingasjóðs til greiðslu atvinnuleysisbóta.

Skýringar við breytingartillögur.

08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður

400,0

1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að millifærð verði 400 m.kr. fjárheimild á viðfangsefnið 1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði af viðfangsefninu 1.11 Atvinnuleysisbætur vegna átaks á sviði vinnumarkaðsaðgerða og menntunar atvinnuleitenda. Gert er ráð fyrir að þeir 300 einstaklingar sem ekki komast í lánshæft nám vegna átaksins muni fá greiddan framfærslustyrk úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Í tillögum að reglum sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt kemur fram að framfærslustyrkurinn muni byggjast á grunnframfærslu LÍN að viðbættum 20 þús. kr. styrk fyrir hvert barn á framfæri umsækjanda en þó muni styrkurinn verða skertur í hlutfalli við bótarétt viðkomandi einstaklings. Þar sem grunnframfærsla LÍN um næstu áramót að viðbættum 20 þús. kr. styrk vegna barna verður einungis ívið lægri en grunnbætur atvinnuleysistrygginga er ekki gert ráð fyrir auknum útgjöldum að hálfu ríkissjóðs en alls er áætlað að útgjöld vegna þessara 300 einstaklinga verði um 400 m.kr. Í fjárlagafrumvarpinu hafði ekki verið gert ráð fyrir greiðslu framfærslustyrkjanna en þó var reiknað með þessu fjármagni til Atvinnuleysistryggingasjóðs til greiðslu atvinnuleysisbóta.

Samtals velferðarráðuneyti -612,0

11-301 Orkustofnun

50,0

1.01 Orkustofnun

*Ákvörðun Alþingis**Samþykkt á Alþingi**Ríkisstjórn*

Lagt er til að veittar verði 50 m.kr. til þess að mæta kostnaði vegna verkefna við aukið raforkueftirlit á vegum Orkustofnunar í kjölfar nýlegrar úttektar. Í frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, er gert ráð fyrir að gjaldtaka aukist um sömu fjárhæð og nemur útgjaldaauka Orkustofnunar.

11-511 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

21,0

6.41 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

*Ákvörðun Alþingis**Samþykkt á Alþingi**Alþingi*

Gerð er tillaga um 21 m.kr. framlag til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vegna endurreiknings á gistináttagjaldi.

Samtals iðnaðarráðuneyti 71,0

Skýringar við breytingartillögur.

12-402 Fjármálaeftirlitið

548,0

1.01 Fjármálaeftirlitið

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Stofnun

Lagt er til að fjárheimildir Fjármálaeftirlitsins hækki um 548 m.kr. Á móti þeirri hækkun kemur samsvarandi hækkun á eftirlitsgjaldi fjármálastofnana sem samkvæmt lögum nr. 99/1999 rennur beint til reksturs Fjármálaeftirlitsins og er innheimt af því. Hækkun fjárheimildarinnar hefur því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Á hitt er að líta að kostnaður við rekstur eftirlitsins hefur aukist umtalsvert síðan 2007. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis var bent á veilur í opinberu eftirliti með starfsemi fjármálastofnana sem brýnt var að bregðast við. Þær veilur voru að hluta til fjársveldi en sneru einnig að viðhorfinu til hlutverks eftirlitsins. Efnahags- og viðskiptaráðherra ber samkvæmt fyrrgreindum lögum að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um fjárhæð eftirlitsgjalds til Fjármálaeftirlitsins og skal það byggt á skýrslu eftirlitsins ásamt álitum samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila. Meiri hluti fjárlaganefndar undirstrikar að Alþingi tekur síðan ákvörðun um fjárheimildir til Fjármálaeftirlitsins enda fer það bæði með löggjafarvald og fjárstjórnarvald og það vald verður ekki útvistað til einstakra stofnana eða embætta þótt sjálfstæð séu í störfum sínum. Meiri hlutinn telur ástæðu til að beina því til efnahags- og viðskiptaráðherra að fram fari óháð mat á starfsemi Fjármálaeftirlitsins í ljósi þeirrar miklu hækkunar sem orðið hefur á fjárheimildum þess undanfarin ár og í kjölfarið verði lög um starfsemina endurskoðuð gefist tilefni til þess.

Samtals efnahags- og viðskiptaráðuneyti 548,0

14-190 Ýmis verkefni

10,0

1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til aukinna vistvænna innkaupa. Í samræmi við stefnu stjórnvalda frá 2009 um vistvæn innkaup verði gert átak í innleiðingu vistvænna innkaupa meðal allra ráðuneyta og ríkisstofnana (A-hluta). Í því skyni verði fjárveitingar auknar til VINN-verkefna sem lúta sameiginlegri stjórn fulltrúa umhverfisráðuneytis og sveitarfélaga. Ljóst er að núverandi fjárveitingar (4,8 m.kr.) þýða að framgangur verksins verður mjög hægur að óbreyttu.

14-211 Umhverfisstofnun

10,0

5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Alþingi

Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag til Umhverfisstofnunar, til þjóðgarða og friðlýstra svæða, vegna endurreiknings á gistináttagjaldi.

Skýringar við breytingartillögur.

14-212 Vatnajökulspjóðgarður

30,0

6.41 Framkvæmdir

*Ákvörðun Alþingis**Samþykkt á Alþingi**Alþingi*

Gerð er tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings, þarfagreiningar og hönnunar á húsi fyrir þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri. Í kjölfar þeirra áfalla sem byggðin í Skaftárhreppi varð fyrir í Grímsvatnagosinu sl. vor var unnin ítarleg úttekt á innviðum samfélagsins þar og bent á nokkur atriði sem gætu orðið til að styrkja samfélagið sem glímir við alvarlega fólksfækkun. Ein þeirra tillagna sem átti sterkan hljómgrunn heima fyrir var frekari uppbygging Vatnajökulspjóðgarðs og hugmynd um byggingu þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri sem m.a. hýsti gestastofu þjóðgarðsins á svæðinu. Fræðslu- og þekkingarstarfsemi sem tengist gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs mun styrkja innviði og stoðir samfélagsins, efla listir og menningu og styrkja ferðaþjónustu svæðisins, ekki síst varðandi möguleika til heilsársstarfsemi. Slík starfsemi mun einnig styrkja landbúnaðinn sem er undirstöðuáttvinnugrein svæðisins.

Samtals umhverfisráðuneyti 50,0

Samtals öll ráðuneyti 522,3

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 4. desember 2011.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
form., frsm.

Álfheiður Ingadóttir.

Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Björgvin G. Sigurðsson.

Árni Þór Sigurðsson.